

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1342

2024/EES/83/59

frá 21. maí 2024

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir deltametrín, metalaxýl, þíabendasól og trífloxýstróbín í eða á tilteknum afurðum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (1), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 49. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir deltametrín, metalaxýl, þíabendasól og trífloxýstróbín.
- 2) Meðan mat á þessum hámarksgildum leifa stóð yfir í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 (2) tók Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) fram að tilteknar upplýsingar vantaði um tilteknar afurðir. Fyrirliggjandi upplýsingar voru nægilegar til að Matvælaöryggisstofnunin gæti lagt til hámarksgildi leifa sem eru örugg fyrir neytendur og eyður í gögnum voru tilgreindar í II. viðauka við þá reglugerð og tilgreindur frestur fyrir framlagningu upplýsinga, sem vantaði til stuðnings tillögðum hámarksgildum leifa, fyrir Matvælaöryggisstofnunina.
- 3) Að því er varðar deltametrín voru slíkar upplýsingar sem varða aðferð til framfylgdar og prófanir á leifum lagðar fram til að staðfesta gildandi hámarksgildi leifa fyrir trjáhnatur, melónur, vatnsmelónur, önnur aldin plantna af graskersætt með óætu hýði, kínakál, hrísgrjón og hveiti. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að framlögð gögn væru fullnægjandi til að bregðast við eyðunni í gögnum sem hafði greinst. Af þessum sökum ætti að viðhalda gildandi hámarksgildum leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 4) Upplýsingar sem lagðar voru fram um prófanir á leifum þar sem greiningar eru gerðar samtímis á skilgreiningum á leifum að því er varðar framfylgd og áhættumat voru ekki fullnægjandi til að staðfesta gildandi hámarksgildi leifa fyrir deltametrín fyrir kveði, trjámisþilsaldin, dúnepli, apríkósar, kirsuber, ferskjur, önnur smá aldin og ber, rauðrófur, hnúðsillu, piparrót, ætihnúða, steinseljurætur, hreðkur, hafursrætur, gulrófur, næpur, annað róta- og hnyðisgrænmeti, lauka, eggaldin, grænkál, hnúðkál, blaðlauka, ólífur til olíuframleiðslu, jurtate úr rötum og kaffifílsrætur. Matvælaöryggisstofnunin gat þó komist að þeirri niðurstöðu að gildandi hámarksgildi leifa væru örugg fyrir neytendur með því að nota breytistuðul til að endurreikna niðurstöður úr prófunum á leifum sem fengust samkvæmt skilgreiningu á leifum að því er varðar framfylgd og skilgreiningu á leifum að því er varðar áhættumat. Af þessum sökum ætti að viðhalda gildandi hámarksgildum leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/1342, 22.5.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2024 frá 23. september 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2005/396/oj>.

(2) „Reasoned opinion on the Evaluation of confirmatory data following the Article 12 MRL review and modification of the existing maximum residue levels for deltamethrin in tomatoes and okra/lady's fingers.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(3),

- 5) Gildandi hámarksgildi leifa fyrir epli, ólífur til átu, gulrætur, risagrasker, blómstrandi kál, belgávexti, kornvörur (að undanskildum hrísgrjónum og hveiti), krydd úr rótum og jarðstönglum, þrúgur, jarðarber, aldin plantna af graskersætt með ætu hýði, vorsalat, karsa, vetrarkarsa, klettasalat, sinnepskál, nýblöð af plöntum, vínviðarlauf, brunnerlu, kerfil, ræktaða sveppi, linsubaunir, ertur, lúpínubaunir, te og afurðir úr dýraríkinu, þ.m.t. mjólk og egg, eru byggð á CXL-hámarksgildum sem voru skráð í II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 396/2005 <sup>(3)</sup>. Þrátt fyrir misræmi á skilgreiningum Sambandsins og CLX-skilgreiningum á leifum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að gildandi hámarksgildi leifa væru örugg fyrir neytendur. Af þessum sökum ætti að viðhalda gildandi hámarksgildum leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 6) Að því er varðar sítrusávexti, kíví, breiðblaða salatfífla, spínat og áþekk blöð, ætíþistla, baunir, olíufræ, aldinkrydd, blómhnappakrydd og frævukrydd komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brugðist við eyðunni í gögnum sem áður hafði greinst og að áhættustjórnendur geti íhugað að skipta þessum hámarksgildum út, annaðhvort fyrir önnur hámarksgildi leifa sem eru til fyrir sítrusávexti eða fyrir vörusértæk magngreiningarmörk. Lægra hámarksgildi leifa var til fyrir sítrusávexti, sem byggðist á (öðrum) góðum starfsvenjum í landbúnaði, og með það fyrir augum að fastsetja hámarksgildi leifa við lægsta gildi sem raunhæft er að ætla að megi ná þykir rétt að fastsetja ný lægri hámarksgildi leifa fyrir þá í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005. Þar eð engar aðrar góðar starfsvenjur í landbúnaði voru til fyrir aðrar afurðir sem eru skráðar þykir rétt að fastsetja gildin við vörusértæk magngreiningarmörk.
- 7) Viðbótarupplýsingar sem lagðar voru fram um prófanir á leifum voru sameinaðar við fyrirliggjandi gögn sem gerði Matvælaöryggisstofnuninni kleift að leiða út lægri hámarksgildi leifa fyrir klungurber, kryddjurtir og æt blóm (að undanskildum kerfli), jurtate úr blómum, jurtate úr blöðum og kryddjurtum, paprikur og höfuðkál og hærri hámarksgildi leifa fyrir plómur. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að ný hámarksgildi leifa væru örugg fyrir neytendur. Því ætti að skrá ný hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 8) Matvælaöryggisstofnunin greindi áhættu fyrir neytendur varðandi gildandi hámarksgildi leifa fyrir perur, kartöflur og salat og komst að þeirri niðurstöðu að áhættustjórnendur geti íhugað að skipta þessum hámarksgildum út, annaðhvort fyrir önnur lægri hámarksgildi leifa sem eru til fyrir perur og salat eða fyrir vörusértæk magngreiningarmörk. Þar eð aðrar góðar starfsvenjur í landbúnaði sem leiddu til lægra hámarksgildis leifa voru til fyrir perur og salat en ekki fyrir kartöflur þykir rétt að fastsetja ný lægri hámarksgildi leifa, eingöngu fyrir perur og salat, en lækka hámarksgildi leifa fyrir kartöflur niður í vörusértæk magngreiningarmörk. Til glöggvunar ætti að fella neðanmálgreinarnar þar sem fram kemur að upplýsingar vanti fyrir þessar afurðir brott úr II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 9) Matvælaöryggisstofnuninni bárust nokkrar umsóknir skv. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir deltametrín í tómötum og okrum, jóhannesarbrauði <sup>(4)</sup> og maís <sup>(5)</sup>. Að því er varðar tómata og okkur mælti Matvælaöryggisstofnunin með því að hækka hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir. Af þessum sökum ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir tómata og okkur við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Að því er varðar jóhannesarbrauð komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í síðara mati á gögnum til staðfestingar, eftir að hún hafði upphaflega greint áhyggjuefni varðandi inntöku neytenda til lengri tíma í tengslum við tillagt hámarksgildi leifa, að tillagt gildi væri öruggt fyrir neytendur. Því er rétt að fastsetja þetta hámarksgildi leifa við tillagt gildi. Að því er varðar maís komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að framlögð gögn væru fullnægjandi til að leiða út nýtt hámarksgildi leifa en að þetta gildi væri lægra en fyrirliggjandi gildi sem byggist á CXL-hámarksgildi sem er öruggt fyrir neytendur. Því ætti að viðhalda gildandi hámarksgildi leifa.

<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/832 frá 5. júní 2018 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýantranilípról, sýmoxaní, deltametrín, dífenókónasól, fenamídon, flúbendíamíð, flúópikólíð, fólpet, fosetyl, mandestróbín, mepíkvat, metasaklór, própamókarb, própargít, pírimetaníl, súlfoxaflór og tríflóxystróbín í eða á tilteknum afurðum (Stj.ú.ð. ESB L 140, 6.6.2018, bls. 38, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2018/832/oj>).

<sup>(4)</sup> „Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue level for deltamethrin in carobs/Saint John’s breads.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(10), 6271.

<sup>(5)</sup> „Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue level for deltamethrin in maize/corn.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(10), 6271.

- 10) Í samræmi við 2. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 var lögð fram umsókn varðandi deltametrín á mangó og papæjaldin. Umsækjandinn fullyrta að viðurkennd notkun deltametríns á slíkar nytjaplöntur í Brasilíu leiði til þess að styrkur leifa verði meiri en hámarksgildi leifa í reglugerð (EB) nr. 396/2005 segir til um og að nauðsynlegt sé að setja hærra hámarksgildi leifa til að komast hjá viðskiptahindrunum við innflutning á þessum nytjaplöntum. Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknina og komst að þeirri niðurstöðu að framlögð gögn væru fullnægjandi til að fastsetja ný (hærra) hámarksgildi leifa sem talið var að væru örugg fyrir neytendur <sup>(6)</sup>. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir mangó og papæjaldin í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.
- 11) Að því er varðar metalaxýl mæltu tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins með því að breyta skilgreiningunni á leifum vegna vöktunar á afurðum úr dýraríkinu í „summa metalaxýls (summa handhverfna) og umbrotsefna (óbundin og tilsvarandi afleiða) M3 (N-(2,6-dímetýlfenýl)-N-(hýdroxýasetýl)alanínmetýlester) og M8 (N-(2-hýdroxýmetýl-6-metýlfenýl)-N-(metoxýasetýl)alanínmetýlester (summa handhverfna), gefin upp sem metalaxýl“. Framkvæmdastjórnin telur að þessi nýja skilgreining á leifum sé viðeigandi.
- 12) Til að bregðast við eyðum í gögnum sem Matvælaöryggisstofnunin hafði greint innan ramma endurskoðunar á hámarksgildi leifa fyrir metalaxýl skv. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 lagði umsækjandinn fram ný gögn varðandi greiningaraðferðir og prófanir á leifum. Að því er varðar kakóbaunir og humla komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu <sup>(7)</sup> að framlögð gögn væru fullnægjandi til að bregðast við eyðunni sem hafði greinst og að viðbótarprófanir á leifum vegna kakóbauna leiddu til nýs (lægra) hámarksgildis leifa sem er öruggt fyrir neytendur. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að nýtt hámarksgildi leifa væri öruggt fyrir neytendur. Þess vegna ætti að viðhalda gildandi hámarksgildi leifa fyrir humla og skrá nýtt (lægra) hámarksgildi leifa fyrir kakóbaunir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005. Að því er varðar sítrónur, súraldin, mandarínur, epli, perur, þrúgur, lauka, paprikur, melónur, vatnsmelónur, ætíþistla, sojabauur og afurðir úr dýraríkinu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brugðist við eyðunni í gögnum sem áður hafði greinst og að áhættustjórnendur geti íhugað að skipta þessum hámarksgildum út, annaðhvort fyrir önnur hámarksgildi leifa, ef þau eru til, eða skipta þessum hámarksgildum leifa út fyrir vörusértæk magngreiningarmörk. Þar eð aðrar góðar starfsvenjur í landbúnaði, sem leiddu til lægra hámarksgildis leifa, voru til fyrir súraldin, mandarínur, lauka, paprikur, melónur, vatnsmelónur og ætíþistla þykir rétt að fastsetja ný lægri hámarksgildi leifa. Að því er varðar kryddjurtir og æt blóm var mögulegt að yfirfæra innanhússgögn út frá mismunandi yrkjum af laufsalati og rétt þykir að viðhalda hámarksgildi leifa. Þar eð engar aðrar góðar starfsvenjur í landbúnaði voru til fyrir sítrónur, epli, perur og sojabauur þykir rétt að lækka þessi hámarksgildi leifa í vörusértæk magngreiningarmörk. Að því er varðar afurðir úr dýraríkinu endurskoðaði Matvælaöryggisstofnunin gildandi hámarksgildi leifa sem byggjast á uppferðum útreikningum á álagi gegnum fæðu og lagði til ný (lægri) hámarksgildi leifa fyrir nýru og ætan sláturmat úr svínunum, sauðfé og geitum og hærri hámarksgildi leifa fyrir lifur, nýru og ætan sláturmat úr nautgripum og hestum. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir afurðir úr dýraríkinu í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Til glöggvunar ætti að fella viðeigandi neðanmálsgreinar þar sem fram kemur að upplýsingar vanti fyrir þessar afurðir brott úr II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 13) Í samræmi við 2. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 var lögð fram umsókn varðandi notkun á metalaxýli-M á oliupálmaaldin og pipar (svartur, grænn og hvítur). Umsækjandinn fullyrta að viðurkennd notkun metalaxýls-M á oliupálmaaldin í Kólumbíu og á pipar í Víetnam leiði til þess að styrkur leifa verði meiri en hámarksgildi leifa í reglugerð (EB) nr. 396/2005 segir til um og að nauðsynlegt sé að setja hærra hámarksgildi leifa til að komast hjá viðskiptahindrunum við innflutning á þessum nytjaplöntum. Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknina og komst að þeirri niðurstöðu að framlögð gögn væru fullnægjandi til að fastsetja ný hámarksgildi leifa sem væru örugg fyrir neytendur <sup>(8)</sup>. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir oliupálmaaldin og pipar í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.

<sup>(6)</sup> „Reasoned opinion on the setting of import tolerances for deltamethrin in mangoes and papayas.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(3), 7198.

<sup>(7)</sup> „Reasoned opinion on the evaluation of confirmatory data following the Article 12 MRL review for metalaxyl-M.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(12), 6996.

<sup>(8)</sup> „Reasoned opinion on the setting of import tolerances for metalaxyl-M in oil palms fruits and peppercorn.“ *Tíðindi*

- 14) Hinn 13. desember 2022 samþykkti Alþjóðamatvælaáráðgjafið ný CLX-gildi fyrir metalaxýl<sup>(9)</sup>. Í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002<sup>(10)</sup> skal taka mið af alþjóðlegum stöðlum, ef þeir eru fyrir hendi eða í þann veginn að verða tilbúnir, við gerð eða aðlögun laga um matvæli nema þessir staðlar eða viðeigandi hlutar þeirra séu ófullnægjandi eða óheppileg tæki til að ná þeim lögmætu markmiðum sem stefnt er að í lögum um matvæli eða vísindaleg rök hnígi gegn því eða þeir myndu leiða til verndar á öðru stigi en álitid er við hæfi í Sambandinu. Enn fremur, í samræmi við e-lið 13. gr. þeirrar reglugerðar, skal Sambandið stuðla að samkvæmni milli alþjóðlegra tæknistaðla og laga um matvæli en tryggja um leið að ekki verði slakað á þeirri víðtæku vernd sem samþykkt hefur verið í Sambandinu. Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á áhættur fyrir neytendur og samdi vísindaskýrslu<sup>(11)</sup>. Í tilvikum þar sem Matvælaöryggisstofnunin greindi hugsanlega heilbrigðisáhættu fyrir neytendur lagði Sambandið fram fyrirvara<sup>(12)</sup>,<sup>(13)</sup> hjá nefnd Alþjóðamatvælaáráðsins um varnarefnaleifar um tillögð CXL-hámarksgildi. Þetta átti við um metalaxýl í eplum, perum og höfuðkáli. Þau CXL-hámarksgildi sem Sambandið lagði ekki fram fyrirvara um hjá nefnd Alþjóðamatvælaáráðsins um varnarefnaleifar þar eð Matvælaöryggisstofnunin greindi ekki áhættur fyrir neytendur í Sambandinu geta því talist örugg. Þetta á við um CXL-hámarksgildi fyrir metalaxýl í þrúgum, laukum, kartöflum og pipar. Því ætti að skrá þessi CXL-hámarksgildi í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 15) Að því er varðar þiabendasól voru lagðar fram upplýsingar varðandi hugsanleg váhrif á neytendur af völdum umbrotsefnisins bensímídasóls, prófanir á leifum og stöðugleika við geymslu til að staðfesta gildandi hámarksgildi leifa fyrir epli, lárperur og kartöflur. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu<sup>(14)</sup> að framlögð gögn væru fullnægjandi til að bregðast við eyðunni sem hafði greinst og útleiddi nýtt (læggra) hámarksgildi leifa, sem byggðist á viðbótarprófunum á leifum sem voru lagðar fram, fyrir lárperur. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að nýtt hámarksgildi leifa væri öruggt fyrir neytendur. Þess vegna ætti að viðhalda gildandi hámarksgildum leifa fyrir epli og kartöflur og skrá nýtt hámarksgildi leifa fyrir lárperur í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005. Matvælaöryggisstofnunin greindi hugsanlegt áhyggjuefni varðandi inntöku neytenda til skamms tíma í tengslum við gildandi hámarksgildi leifa fyrir papæjaldin. Þess vegna ætti að lækka gildandi hámarksgildi leifa fyrir papæjaldin í vörusértæk magngreiningarmörk. Til glöggvunar ætti að fella viðeigandi neðanmálgreinar þar sem fram kemur að upplýsingar vanti fyrir þessar afurðir brott úr II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 16) Að því er varðar trífloxýstróbín mæltu tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins með því að breyta skilgreiningunni á leifum vegna vöktunar á afurðum úr dýraríkinu í „summa trífloxýstróbíns og [(E,E)-metoxýímínó-{2-[1-(3-tríflúórómetyl)fenýl]etylídenamínóoxýmetýl]fenýl}edíksýru] (CGA 321113), gefin upp sem trífloxýstróbín (F)“. Framkvæmdastjórnin telur að þessi nýja skilgreining á leifum sé viðeigandi.

<sup>(9)</sup> Sameiginleg áætlun matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um matvælastaðla, Alþjóðamatvælaáráðgjafið. III. viðbætur. 45. fundur, rafrænn, 21.–25. nóvember, 12.–13. og 19. desember 2022 og 6. febrúar 2023. [https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-701-45%252FFinal%252520Report%252520CAC45%252FCompiled%252FBREP22\\_CAC.pdf](https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-701-45%252FFinal%252520Report%252520CAC45%252FCompiled%252FBREP22_CAC.pdf).

<sup>(10)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2002/178/oj>).

<sup>(11)</sup> „Scientific support for preparing an EU position in the 53rd Session of the Codex Committee on Pesticide Residues (CCPR).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(9), 7521.

<sup>(12)</sup> Athugasemdir Evrópusambandsins varðandi Codex CX/PR 22/53/5: [https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-718-53%252FCRDs%252Fpr53\\_crd13revx.pdf](https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-718-53%252FCRDs%252Fpr53_crd13revx.pdf).

<sup>(13)</sup> Skýrsla frá 53. fundi nefndar Alþjóðamatvælaáráðsins um varnarefnaleifar REP22/PR53: <https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-718-53%252FFREPORT%252520FINAL%252FBREPORT%252520PR53e.pdf>.

<sup>(14)</sup> „Reasoned opinion on the evaluation of confirmatory data following the Article 12 MRL review for thiabendazole.“ *Tíðindi Matvælaö-*

- 17) Brugðist var við nokkrum af þeim eyðum í gögnum sem Matvælaöryggisstofnunin hafði greint, innan ramma endurskoðunar á hámarksgildi leifa fyrir trifloxýstróbín skv. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í reglugerð (ESB) 2018/832 að því er varðar greiningaraðferðir og tiltækileika umbrotsefnisins CGA321113 á markaði. Til að bregðast við eftirstandandi eyðum í gögnum sem Matvælaöryggisstofnunin hafði greint lagði umsækjandinn fram ný gögn varðandi prófanir á leifum fyrir kryddjurtir og æt blóm, baunir með fræbelg og hafra. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu<sup>(15)</sup> að framlögð gögn væru fullnægjandi til að bregðast við eyðunni í gögnum sem hafði greinst og að viðbótarprófanir á leifum útleiddu ný hámarksgildi leifa sem eru örugg fyrir neytendur. Því ætti að skrá þessi nýju hámarksgildi leifa í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005. Að því er varðar píslaraldin, gúrkur, smágúrkur og kínakál komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brugðist við eyðunni í gögnum sem áður hafði greinst og að áhættustjórnendur geti íhugað að viðhalda þessum hámarksgildum leifa með fyrirliggjandi CXL-hámarksgildum sem eru til fyrir gúrkur og smágúrkur eða að skipta þessum hámarksgildum leifa út fyrir vörusértæk magngreiningarmörk. Þar eð aðrar góðar starfsvenjur í landbúnaði, sem leiða til hámarksgildis leifa á sama stigi sem er öruggt fyrir neytendur, voru til fyrir gúrkur og smágúrkur þykir rétt að viðhalda þessum hámarksgildum leifa en þar eð engar aðrar góðar starfsvenjur í landbúnaði voru til fyrir píslaraldin og kínakál þykir rétt að lækka þessi hámarksgildi leifa í vörusértæk magngreiningarmörk. Til glöggvunar ætti að fella viðeigandi neðanmálgreinar þar sem fram kemur að upplýsingar vanti fyrir þessar afurðir brott úr II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 18) Umsækjandinn lagði einnig fram nokkrar umsóknir, ásamt gögnum til staðfestingar, skv. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir trifloxýstróbín í nokkrum nytjaplöntum. Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknirnar og komst að þeirri niðurstöðu að framlögð gögn væru fullnægjandi til að fastsetja ný hámarksgildi leifa fyrir paprikur, grænkál, kaffifíflsrætur og hunang sem væru örugg fyrir neytendur<sup>(16)</sup>. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Við mat á gögnum sem voru lögð fram fyrir breiðblaða salatfífla greindi Matvælaöryggisstofnunin áhættu fyrir neytendur varðandi tillagt (hærra) hámarksgildi leifa en staðfesti um leið að núverandi hámarksgildi leifa væri öruggt fyrir neytendur. Því er rétt að viðhalda hámarksgildi leifa við gildandi gildi. Að því er varðar jólasalat/salatfífla komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að framlögð gögn væru ófullnægjandi til að leiða út nýtt hámarksgildi leifa. Því er rétt að viðhalda hámarksgildi leifa við gildandi gildi sem er vörusértæku magngreiningarmörkin.
- 19) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins varðandi nauðsyn þess að aðlaga tiltekin magngreiningarmörk. Þessar rannsóknarstofur lögðu til vörusértæk magngreiningarmörk sem unnt er að ná að greina fyrir allar afurðir.
- 20) Samráð hefur verið haft við viðskiptaáðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.
- 21) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 22) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarráðstöfun vegna afurða sem voru settar á markað í Sambandinu áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri neytendavernd sé viðhaldið.
- 23) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.
- 24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

<sup>(15)</sup> „Reasoned opinion on the modification of existing maximum residue levels in various crops and evaluation of confirmatory data following the Article 12 MRL review for trifloxystrobin.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(1), 7048.

<sup>(16)</sup> „Modification of the existing maximum residue level for trifloxystrobin in honey.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(8),

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, skal gilda áfram um afurðir sem voru settar á markað í Sambandinu fyrir 11. desember 2024, að undanskildum hámarksgildum leifa fyrir deltametrín á perum, kartöflum og salati og fyrir þíabendasól á papæjaldinum.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 11. desember 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. maí 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Í stað dálkanna fyrir deltametrín, metalaxýl, píabendasól og trifloxýstróbín í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 kemur eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um <sup>(1)</sup>	Deltametrín (cis-deltametrín) (F)	Metalexyl og metalaxyl-M (metalaxyl ásamt öðrum blöndum skyldra hverna, þ.m.t. metalaxyl-M (summa hverfanna)) (R)	Píabendasól (R)	Trifloxýstróbín (R) (F)
1)	2)	3)	4)	5)	6)
0100000	<b>NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR</b>				
0110000	<b>Sítrusáxextir</b>	<b>0,02</b>		7	0,5
0110010	Greipaldin		0,7		
0110020	Appelsínur		0,7		
0110030	Sítrónur		<b>0,01 (*)</b>		
0110040	Súraldin		<b>0,4</b>		
0110050	Mandarínur		<b>0,4</b>		
0110990	Annað (2)		<b>0,01 (*)</b>		
0120000	<b>Trjáhnetur</b>	<b>0,01 (*)</b>	0,01 (*)	0,02 (*)	0,02
0120010	Möndlur				
0120020	Parahnetur				
0120030	Kastúhnetur				
0120040	Kastaníuhnetur				
0120050	Kókosnetur				
0120060	Hesliuhnetur				

1)	2)	3)	4)	5)	6)
0120070	Goðalnetur				
0120080	Pekanhnetur				
0120090	Furuhnetukjarnar				
0120100	Pistasiuhnetur				
0120110	Vallnetur				
0120990	Annað (2)				
0130000	<b>Kjarnaávextir</b>		<b>0,01 (*)</b>		<b>0,7</b>
0130010	Epli	0,2		4	
0130020	Perur	<b>0,09</b>		4	
0130030	Kveði	0,1		3	
0130040	Trjámispsaldin	0,1		3	
0130050	Dúnepfi/japansplómur	0,1		3	
0130990	Annað (2)	0,1		0,01 (*)	
0140000	<b>Steinaldin</b>		<b>0,01 (*)</b>	<b>0,01 (*)</b>	<b>3</b>
0140010	Apríkósur	0,15			
0140020	Kirsuber (sæt)	0,1			
0140030	Ferskjur	0,15			
0140040	Plómur	<b>0,1</b>			
0140990	Annað (2)	0,01 (*)			
0150000	<b>Ber og smá aldin</b>				
0151000	<b>a) Þrúgur</b>	0,2	<b>1,5</b>		<b>3</b>
0151010	Vínber til neyslu				
0151020	Vínþrúgur				
0152000	<b>b) Jarðarber</b>	0,2	0,6		1
0153000	<b>c) Klungurber</b>	<b>0,08</b>	<b>0,02 (*)</b>		<b>3</b>
0153010	Brómber				
0153020	Daggarber				
0153030	Hindber (rauð og gul)				
0153990	Annað (2)				



1)	2)	3)	4)	5)	6)
	<b>d) Önnur smá aldin og ber</b>				
0154000		0,6			3
0154010	Aðalbláber		0,01 (*)		
0154020	Tröuber		0,01 (*)		
0154030	Sólber og rífsber (rauð og hvít)		0,4		
0154040	Stíkilsber (græn, rauð og gul)		0,3		
0154050	Rósaldin		0,01 (*)		
0154060	Mórber (svört og hvít)		0,01 (*)		
0154070	Eplapymiber/Miðjarðarhafstírámspilsaldin		0,01 (*)		
0154080	Ylliber		0,01 (*)		
0154990	Annað (2)		0,01 (*)		
0160000	<b>Ýmis aldin með</b>				
0161000	<b>a) Ætu hýði</b>		0,05 (*)		
0161010	Döðlur	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0161020	Fíkjur	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0161030	Ólífur til átu	1		0,01 (*)	0,3
0161040	Gullappelsínur	0,01 (*)		7	0,01 (*)
0161050	Stjórnualdin	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0161060	Gallaldin	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0161070	Jövuplómur	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0161990	Annað (2)	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0162000	<b>b) Óætu hýði, lífil</b>	<b>0,01 (*)</b>		<b>0,01 (*)</b>	<b>0,01 (*)</b>
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)		0,02 (*)		
0162020	Litkaber		0,01 (*)		
0162030	Píslaraldin		0,01 (*)		
0162040	Kaktusfíkjur		0,01 (*)		
0162050	Stjórnuæpli		0,01 (*)		
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí		0,01 (*)		
0162990	Annað (2)		0,01 (*)		

1)	2)	3)	4)	5)	6)
	<b>c) Óætu hýði, stór</b>		0,01 (*)		
0163000					
0163010	Lárperur	0,01 (*)		15	0,01 (*)
0163020	Banarar	0,01 (*)		6	0,05
0163030	Mangó	<b>0,05</b>		5	0,01 (*)
0163040	Papæjaldin	<b>0,1</b>		<b>0,01 (*)</b>	0,6
0163050	Granatepli	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0163060	Morgunberkjur	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0163070	Gvövrur	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0163080	Ananas	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0163090	Brauðaldin	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0163100	Dáraldin	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0163110	Nónberkjur	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0163990	Annað (2)	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0200000	<b>NYTT eða FRYST GRÆNNMETI</b>				
0210000	<b>Rótar- og hnyðisgrænmeti</b>				
0211000	<b>a) Kartöflur</b>	<b>0,01 (*)</b>	0,02	0,04	0,02
0212000	<b>b) Hitabeltisrótar- og hnyðisgrænmeti</b>	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0212010	Kassavarætur			0,01 (*)	
0212020	Sætar kartöflur			3	
0212030	Mjólrótarhnyði			0,01 (*)	
0212040	Órvarætur			0,01 (*)	
0212990	Annað (2)			0,01 (*)	
0213000	<b>c) Annað rótar- og hnyðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum</b>	0,02		0,01 (*)	
0213010	Rauðrófur		0,02 (*)		0,02
0213020	Gulrætur		0,1		0,1
0213030	Hnúðsillur/hnúðselli		0,01 (*)		0,03
0213040	Piparrót		0,1		0,08
0213050	Ætihnúðar		0,01 (*)		0,01 (*)
0213060	Nípur		0,1		0,04

1)	2)	3)	4)	5)	6)
0213070	Steinseljurætur		0,01 (*)		0,08
0213080	Hreðkur		0,06		0,08
0213090	Hafursrætur		0,02 (*)		0,04
0213100	Gulrófur		0,01 (*)		0,04
0213110	Næpur		0,01 (*)		0,04
0213990	Annað (2)		0,01 (*)		0,01 (*)
0220000	<b>Laukar</b>			0,01 (*)	
0220010	Hvíflaukur	0,06	0,02 (*)		0,01 (*)
0220020	Laukar	0,06	<b>0,03</b>		0,01 (*)
0220030	Skalottlaukar	0,06	0,02 (*)		0,01 (*)
0220040	Vorlaukar og pipulaukar	0,3	0,3		0,1
0220990	Annað (2)	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0230000	<b>Aldingrænneti</b>			0,01 (*)	
0231000	<b>a) Náttskuggaætt og stókrósaætt</b>				
0231010	Tómatar	<b>0,1</b>	0,3		0,7
0231020	Paprikur	<b>0,15</b>	<b>0,4</b>		<b>0,9</b>
0231030	Eggaldin	0,4	0,01 (*)		0,7
0231040	Okkur	<b>0,15</b>	0,01 (*)		0,01 (*)
0231990	Annað (2)	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0232000	<b>b) Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði</b>	0,2			0,3
0232010	Gurkur		0,5		
0232020	Smágurkur		0,01 (*)		
0232030	Dvergbitar		0,01 (*)		
0232990	Annað (2)		0,01 (*)		
0233000	<b>c) Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði</b>				0,3
0233010	Melónur	<b>0,01 (*)</b>	<b>0,15</b>		
0233020	Risagrasker	0,2	0,01 (*)		
0233030	Vatnsmelónur	<b>0,01 (*)</b>	<b>0,15</b>		
0233990	Annað (2)	<b>0,01 (*)</b>	0,01 (*)		

1)	2)	3)	4)	5)	6)
0234000	<b>d) Sykurmaís</b>	0,02	0,05 (*)		0,01 (*)
0239000	<b>e) Annað aldingrænmeti</b>	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0240000	<b>Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni Brassica)</b>			0,01 (*)	
0241000	<b>a) Blómstrandir kál</b>	0,1	0,2		
0241010	Spergilkál				0,6
0241020	Blómkál				0,5
0241990	Annað (2)				0,5
0242000	<b>b) Kálhöfuð</b>	<b>0,01 (*)</b>			
0242010	Rósakál		0,15		0,6
0242020	Höfuðkál		0,06		0,5
0242990	Annað (2)		0,01 (*)		0,01 (*)
0243000	<b>c) Blaðkál</b>				
0243010	Kínakál	0,2	0,02 (*)		<b>0,01 (*)</b>
0243020	Grænkál	0,15	0,3		<b>2</b>
0243990	Annað (2)	0,01 (*)	0,01 (*)		<b>0,01 (*)</b>
0244000	<b>d) Hnúðkál</b>	0,01 (*)	0,02 (*)		0,01 (*)
0250000	<b>Blágrænmeti, kryddjurtir og æt blóm</b>				
0251000	<b>a) Salat og salatplöntur</b>		3	0,01 (*)	15
0251010	Vorsalat/strábrúða	2			
0251020	Salat	<b>0,4</b>			
0251030	Breiðblaða salatfflar	<b>0,01 (*)</b>			
0251040	Karsi og aðrar spíur og sprotar	2			
0251050	Vetrarkarsi	2			
0251060	Klettasalat	2			
0251070	Sinnepskál	2			
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni Brassica)	2			
0251990	Annað (2)	0,01 (*)			
0252000	<b>b) Spínat og áþekkt blöð</b>	0,01 (*)	1,5	0,01 (*)	
0252010	Spínat				20

1)	2)	3)	4)	5)	6)
0252020	Súpugull				15
0252030	Blaðbeðjur				0,01 (*)
0252990	Annað (2)				0,01 (*)
0253000	<b>c) Vínviðarlauf og áþekkar tegundir</b>	2	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
0254000	<b>d) Brunnerla</b>	2	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
0255000	<b>e) Jólalalat/salatfflar</b>	<b>0,01 (*)</b>	0,4	0,15	0,01 (*)
0256000	<b>f) Kryddjurttir og æt blóm</b>	3	3	0,02 (*)	<b>30</b>
0256010	Kerfill	2			
0256020	Graslaukur	<b>1,5</b>			
0256030	Blöð af sellerí	<b>1,5</b>			
0256040	Steinselja	<b>1,5</b>			
0256050	Salvía	<b>1,5</b>			
0256060	Rósmarín	<b>1,5</b>			
0256070	Garðablíðberg	<b>1,5</b>			
0256080	Basilíka og æt blóm	<b>1,5</b>			
0256090	Lárvíðarlauf	<b>1,5</b>			
0256100	Fáfnisgras	<b>1,5</b>			
0256990	Annað (2)	<b>1,5</b>			
0260000	<b>Belgávextir</b>	0,2		0,01 (*)	
0260010	Baunir (með fræbelg)		0,02 (*)		<b>0,8</b>
0260020	Baunir (án fræbelgs)		0,02 (*)		0,09
0260030	Ertur (með fræbelg)		0,02 (*)		1,5
0260040	Ertur (án fræbelgs)		0,02 (*)		0,09
0260050	Linsubaunir		0,01 (*)		0,01 (*)
0260990	Annað (2)		0,01 (*)		0,01 (*)
0270000	<b>Stöngulgrænmeti</b>			0,01 (*)	
0270010	Sperglar	0,01 (*)	0,02 (*)		0,05
0270020	Salatþistlar	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0270030	Sellerí	0,3	0,01 (*)		1

1)	2)	3)	4)	5)	6)
0270040	Hnúðfennikur	0,3	0,01 (*)		0,01 (*)
0270050	Ætíþistlar	<b>0,01 (*)</b>	<b>0,02 (*)</b>		0,3
0270060	Blaðlaukar	0,3	0,03		0,7
0270070	Rabarbar	0,3	0,01 (*)		0,01 (*)
0270080	Bambussprotar	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0270090	Pálma kjarnar	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0270990	Annað (2)	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0280000	<b>Sveppir, mosar og fléttur</b>		0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
0280010	Ræktaðir sveppir	0,05			
0280020	Villtir sveppir	0,01 (*)			
0280990	Mosar og fléttur	0,01 (*)			
0290000	<b>Þörungur og dreifkjörnungslifverur</b>		0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
0300000	<b>BELGÁVEXTIR</b>			0,01 (*)	0,2
0300010	Baunir	<b>0,01 (*)</b>	0,02 (*)		
0300020	Linsubaunir	1	0,01 (*)		
0300030	Ertur	1	0,02 (*)		
0300040	Lúpínur/lúpínubaunir	1	0,02 (*)		
0300990	Annað (2)	<b>0,01 (*)</b>	0,01 (*)		
0400000	<b>OLÍUFURÆ OG OLÍURÍK ALDIN</b>			0,02 (*)	
0401000	<b>Olíufræ</b>				
0401010	Hörfræ	<b>0,01 (*)</b>	0,02 (*)		0,01 (*)
0401020	Jarðhnetur	<b>0,01 (*)</b>	0,01 (*)		0,02
0401030	Valmúafuræ	<b>0,01 (*)</b>	0,02 (*)		0,01 (*)
0401040	Sesamfræ	<b>0,01 (*)</b>	0,01 (*)		0,01 (*)
0401050	Sólblómafræ	<b>0,01 (*)</b>	0,02 (*)		0,01 (*)
0401060	Repjufræ	0,2	0,02 (*)		0,01 (*)
0401070	Sojabaunir	<b>0,01 (*)</b>	<b>0,01 (*)</b>		0,05
0401080	Mustarðsfræ	<b>0,01 (*)</b>	0,02 (*)		0,01 (*)
0401090	Baðmullarfræ	<b>0,01 (*)</b>	0,01 (*)		0,4

1)	2)	3)	4)	5)	6)
0401100	Risagraskersfræ	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0401110	Litunarpistilsfræ	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0401120	Hjólkrónufræ	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0401130	Akurdoðrufræ	0,01 (*)	0,02 (*)		0,01 (*)
0401140	Hampfræ	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0401150	Kristpálmafræ	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0401990	Annað (2)	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0402000	<b>Olíurík aldin</b>				
0402010	Ólifur til olíuframléðslu	0,6	0,01 (*)		0,3
0402020	Olíupálmakjarnar	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0402030	Olíupálmaaldin	0,01 (*)	0015		0,01 (*)
0402040	Dúnviðaraldin	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0402990	Annað (2)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
0500000	<b>KORNVÖRUR</b>				
0500010	Bygg	2	0,01 (*)		0,5
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir	2	0,01 (*)		0,01 (*)
0500030	Mais	2	0,01 (*)		0,02
0500040	Hirsi	2	0,01 (*)		0,01 (*)
0500050	Hafrar	2	0,01 (*)		0,3
0500060	Hrisgrjón	1	0,01 (*)		5
0500070	Rógur	2	0,01 (*)		0,3
0500080	Dúrta	2	0,01 (*)		0,01 (*)
0500090	Hveiti	1	0,01 (*)		0,3
0500990	Annað (2)	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0600000	<b>TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUD</b>			0,05 (*)	0,05 (*)
0610000	Te	5	0,05 (*)		
0620000	Kaffibaunir	0,1 (*)	0,05 (*)		
0630000	Jurtate úr		0,05 (*)		
0631000	a) Blómum	9			

1)	2)	3)	4)	5)	6)
0631010	Gæsajurt				
0631020	Læknakólfur				
0631030	Rósir				
0631040	Jasmína				
0631050	Lindiblóm				
0631990	Annað (2)				
0632000	<b>b) Blöðum og kryddjurtum</b>	<b>9</b>			
0632010	Jarðarber				
0632020	Rauðrunnalauf				
0632030	Indíanapymislauf				
0632990	Annað (2)				
0633000	<b>c) Rótum</b>	<b>0,3</b>			
0633010	Garðabrúða				
0633020	Ginseng				
0633990	Annað (2)				
0639000	<b>d) Öðrum plöntuhlutum</b>	<b>0,05 (*)</b>			
0640000	<b>Kakóbaunir</b>	<b>0,05 (*)</b>	<b>0,05</b>		
0650000	<b>Jóhannesarbrauð</b>	<b>0,7</b>	<b>0,05 (*)</b>		
0700000	<b>HUMLAR</b>	<b>0,05 (*)</b>	15	<b>0,05 (*)</b>	40
0800000	<b>KRYDD</b>				
0810000	<b>Krydd úr fræjum</b>	<b>0,05 (*)</b>	<b>0,05 (*)</b>	<b>0,05 (*)</b>	<b>0,05 (*)</b>
0810010	Anís/anísfræ				
0810020	Ilmfrú				
0810030	Sellerí				
0810040	Kóríander				
0810050	Kúmin				
0810060	Dill				
0810070	Fennikur				
0810080	Grikkjasmári				



1)	2)	3)	4)	5)	6)
0810090	Múskat				
0810990	Annað (2)				
0820000	<b>Aldinkrydd</b>	<b>0,05 (*)</b>		0,05 (*)	0,05 (*)
0820010	Allrahanda		0,05 (*)		
0820020	Kínapipar		0,05 (*)		
0820030	Kúmen		0,05 (*)		
0820040	Kardimommur		0,05 (*)		
0820050	Eimber		0,05 (*)		
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)		<b>2</b>		
0820070	Vanilla		0,05 (*)		
0820080	Tamarind		0,05 (*)		
0820990	Annað (2)		0,05 (*)		
0830000	<b>Barkarkrydd</b>	<b>0,05 (*)</b>	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
0830010	Kanill				
0830990	Annað (2)				
0840000	<b>Krydd úr rótum og jarðstönglum</b>				
0840010	Lakkrís	0,5	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
0840020	Engifer (10)				
0840030	Túrmerik/gullinrót	0,5	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
0840040	Piparrót (11)				
0840990	Annað (2)	0,5	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
0850000	<b>Blómhappakrydd</b>	<b>0,05 (*)</b>	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
0850010	Negull				
0850020	Kapers				
0850990	Annað (2)				
0860000	<b>Fræukrydd</b>	<b>0,05 (*)</b>	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
0860010	Saffran				
0860990	Annað (2)				

1)	2)	3)	4)	5)	6)
0870000	<b>Frækápu krydd</b>	<b>0,05 (*)</b>	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
0870010	Mískatblóm				
0870990	Annað (2)				
0900000	<b>SYKURPLÖNTUR</b>		0,01 (*)	0,01 (*)	
0900010	Sykurrofurætur	<b>0,01 (*)</b>			0,02
0900020	Sykkurreyr	0,01 (*)			0,01 (*)
0900030	Kaffifíflsætur	0,04			<b>0,02</b>
0900990	Annað (2)	0,01 (*)			0,01 (*)
1000000	<b>AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR</b>				
1010000	<b>Vörur úr</b>				
1011000	<b>a) svínnum</b>			0,01 (*)	0,04
1011010	Vöðvi	0,03	0,01 (*)		
1011020	Fíta	0,5	0,01 (*)		
1011030	Lifur	0,03 (*)	0,05 (*)		
1011040	Nýru	0,03 (*)	<b>0,15</b>		
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,5	<b>0,15</b>		
1011990	Annað (2)	0,02 (*)	0,01 (*)		
1012000	<b>b) nautgripum</b>			0,1	
1012010	Vöðvi	0,03	0,01 (*)		0,04
1012020	Fíta	0,5	0,01 (*)		0,06
1012030	Lifur	0,03 (*)	<b>0,06</b>		0,07
1012040	Nýru	0,03 (*)	<b>0,4</b>		0,04
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,5	<b>0,4</b>		0,07
1012990	Annað (2)	0,02 (*)	0,01 (*)		0,02 (*)
1013000	<b>c) sauðfé</b>			0,01 (*)	
1013010	Vöðvi	0,03	0,01 (*)		0,04
1013020	Fíta	0,5	0,01 (*)		0,06
1013030	Lifur	0,03 (*)	0,05 (*)		0,07
1013040	Nýru	0,03 (*)	<b>0,15</b>		0,04

1)	2)	3)	4)	5)	6)
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,5	<b>0,15</b>		0,07
1013990	Annað (2)	0,02 (*)	0,01 (*)		0,02 (*)
1014000	<b>d) geitum</b>			0,1	
1014010	Vöðvi	0,03	0,01 (*)		0,04
1014020	Fita	0,5	0,01 (*)		0,06
1014030	Lifur	0,03 (*)	0,05 (*)		0,07
1014040	Nýru	0,03 (*)	<b>0,15</b>		0,04
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,5	<b>0,15</b>		0,07
1014990	Annað (2)	0,02 (*)	0,01 (*)		0,02 (*)
1015000	<b>e) hestum</b>			0,01 (*)	
1015010	Vöðvi	0,03	0,01 (*)		0,04
1015020	Fita	0,5	0,01 (*)		0,06
1015030	Lifur	0,03 (*)	<b>0,06</b>		0,07
1015040	Nýru	0,03 (*)	<b>0,4</b>		0,04
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,5	<b>0,4</b>		0,07
1015990	Annað (2)	0,02 (*)	0,01 (*)		0,02 (*)
1016000	<b>f) alifuglum</b>			0,01 (*)	0,04
1016010	Vöðvi	0,02 (*)	0,01 (*)		
1016020	Fita	0,1	0,01 (*)		
1016030	Lifur	0,02 (*)	0,05 (*)		
1016040	Nýru	0,02 (*)	0,05 (*)		
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,02 (*)	0,05 (*)		
1016990	Annað (2)	0,02 (*)	0,01 (*)		
1017000	<b>g) öðrum öldum landdýrum</b>			0,01 (*)	
1017010	Vöðvi	0,03	0,01 (*)		0,04
1017020	Fita	0,5	0,01 (*)		0,06
1017030	Lifur	0,03 (*)	0,05 (*)		0,07
1017040	Nýru	0,03 (*)	<b>0,15</b>		0,04

1)	2)	3)	4)	5)	6)
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lífur og nýru)	0,5	<b>0,15</b>		0,07
1017990	Annað (2)	0,02 (*)	0,01 (*)		0,02 (*)
1020000	<b>Mjolk</b>	0,05	0,01 (*)		0,02 (*)
1020010	Nautgripir			0,1	
1020020	Sauðfé			0,01 (*)	
1020030	Geitur			0,1	
1020040	Hestar			0,01 (*)	
1020990	Annað (2)			0,01 (*)	
1030000	<b>Fuglsegg</b>	0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,04
1030010	Hænsni				
1030020	Endur				
1030030	Gæsir				
1030040	Kornhænur				
1030990	Annað (2)				
1040000	<b>Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)</b>	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	<b>0,07</b>
1050000	<b>Froskdýr og skriðdýr</b>	0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)
1060000	<b>Landhryggleysingjar</b>	0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)
1070000	<b>Vilt landhryggdýr</b>	0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)
1100000	<b>AFURDIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURDIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)</b>				
1200000	<b>AFURDIR EDA HLUTAR AFURDA, EINGÖNGU NOTADIR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)</b>				
1300000	<b>UNNIN MATVÆLI (9)</b>				

(\*) Neðri greiningarmörk

(\*) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýrarikinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka

(\*) Samsetningar varnarefnis og afurðar sem neðanmálsgrein er til um. Skráin yfir neðanmálsgreinar kemur fram hér á eftir.

**Deltametrín (cis-deltametrín) (F)**

(F) Fituleysanlegt

**Metalaxýl og metalaxýl-M (metalaxýl ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna, þ.m.t. metalaxýl-M (summa hverfnanna)) (R)**

(R) Skilgreiningin á efnaleifum er mismunandi fyrir eftirfarandi samsetningar á varnarefnum/kóðum: Metalaxýl — kóði 100000 að undanskildu 1040000: Summa metalaxýls (summa handhverfna) og umbrotsefna (öbundin og tilsvarandi afleiða) M3 (N- 2,6-dímetylfenýl)-N-(hýdroxýasetýl)alanínmetýlester) og M8 (N-(2-hýdroxýmetýl-6-metylfenýl)-N-(metoxýasetýl)alanínmetýlester (summa handhverfna), gefin upp sem metalaxýl)

**Þiabendasól (R)**

(R) Skilgreiningin á efnaleifum er mismunandi fyrir eftirfarandi samsetningar á varanefnum/kóðum: Þiabendasól — kóði 100000, að undanskildum 1020000 og 1040000: summa þiabendasóls og 5-hýdroxyþiabendasóls, gefin upp sem þiabendasól  
Þiabendasól — kóði 1020000: summa þiabendasóls, 5-hýdroxyþiabendasóls og tilsvarandi sulfatafleiðna þess, gefin upp sem þiabendasól

**Trifloxýstróbbín (R) (F)**

(R) Skilgreiningin á efnaleifum er mismunandi fyrir eftirfarandi samsetningar á varanefnum/kóðum: Trifloxýstróbbín - kóði 1000000 að undanskildum 1040000: summa trifloxýstróbbíns og umbrotsefnis þess (E, E)-metoxýmínó-(2-[1-(3-triflorómetylfenýl)-etýlidenamínóoxýmetyl]-fenýl)-ediksýru (CGA 321113), gefin upp sem trifloxýstróbbín (F)  
(F) Fituleysanlegt\*